

***BORGARRÁÐ 27. júní 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðveru starfsmanns tæknideildar á meðan á fundum borgarstjórnar stendur - R19060224***

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir og leggur til að tölvumaður verði ávallt til staðar í Ráðhúsinu þegar fundir eru í gangi. Sýnt hefur að það getur skapast ófremdarástand ef tæknivandamál koma upp á miðjum fundi og ekki er hægt að ná í tölvumann. Slíkt ástand getur leitt til þess að viðkomandi borgarfulltrúi getur ekki komið frá sér málum sínum og bókunum þar sem ekki er hægt að gera það eftir að fundi er slitið.